

Sp. 112. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um skipun nefndar til þess að vinna með ríkisstjórninni að framgangi handritamálsins.

Flm.: Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess, undir forustu ríkisstjórnarinnar, að vinna að endurheimt íslenskra handrita frá Danmörku.

Nefndin skal þannig skipuð, að þingflokkarnir tilnefna sinn manninn hver, en fimmti maðurinn skal tilnefndur af heimspekideild háskólans. Nefndin kys sér sjálf formann.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íslendingum hefur ekki enn tekizt að fá handritum þeim, sem þeir eiga í dönskum söfnum, skilað aftur. Verðum vér því óhjákvæmilega að herða róðurinn í sókn þessa réttlætismáls. Mikill einhugur og samstaða er rikjandi með þjóð vorri um það að fá á því lyktir, að þessir bókmenntafjár sjóðir vorir verði aftur fluttir heim til hagnýtingar og varðveislu í æðstu menntastofnun landsins, háskólanum. Til þess að sýna í réttu ljósi út á við þá þjóðareiningu, sem stendur að baki kröfum vorum um, að handritunum verði skilað, mundi mega telja hyggilegt að skipa nefnd með þeim hætti, sem hér er lagt til, er vinni með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

Það er augljóst mál, að ríkisstjórninni væri að því mikill stuðningur að hafa slíka nefnd sér við hlið í þeirri skeleggu baráttu, sem fram undan er í þessu máli.

Óþarft er að færa önnur eða frekari rök fyrir nefndarskipuninni.